

Deildarnámskrá Sjónarhóls

Áherslur deildarinnar eftir námssviðum leikskóla

LÆSI OG SAMSKIPTI:

Áhersla á:

- ✓ Almenna málörvun
- ✓ Að börnin heyri fjölbreytt og vandað mál í öllum athöfnum dagsins
- ✓ Að börnin noti málið til að tjá hugmyndir sínar og tilfinningar, taki þátt í samræðum og færi rök fyrir máli sínu
- ✓ Að börnin læri texta og taki þátt í söng
- ✓ Að lesið sé fyrir börnin fjölbreytt, krefjandi efni, þulur, sögur og ævintýr
- ✓ Að börnin hafi aðgang að bókum og noti ritmál í leik
- ✓ Hafi aðgang að textum og bókstöfum sem leikefni
- ✓ Að börnin hafi aðgengi að fjölbreyttu leikefni sem hvetur til læsis
- ✓ Að börnin upplifa að þeim sé heilsað og kvödd hlýlega og þau tileinki sér það sjálf
- ✓ Að umhverfið sé læsishvetjandi, t.d. með merkingum á ýmsum hlutum, nafni þeirra og Lubbatákni, formum og litum o.fl. þess háttar.
- ✓ Að ritmál og bókstafir séu sýnileg, t.d. á mætingaspjöldum, máhljóð Lubba o.fl.
- ✓ Að reglur séu sýnilegar í máli og myndum
- ✓ Að börnin læri góð samskipti og sýni tillitssemi, eigi jákvæð og uppbyggileg samskipti og tileinki sér venjurnar 7.
- ✓ Að börnin vinni saman að verkefnum sem hvetja til góðra samskipta og vináttu með áherslu á leiðtogaverkefnið og vináttuverkefnið.
- ✓ Að börnin fylgi munnlegum fyrirmælum
- ✓ Að leika með ýmis hljóðkerfisvitundarverkefni, t.d. rím, atkvæði í orðum, fyrsta hljóð í orði o.fl.
- ✓ Að öll börn fari í Lubbastundir og aðrar málörvunar- og læsisstundir

HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN:

Áhersla á:

- ✓ Að börnin finni fyrir öryggi í leikskólanum og treysti því að þörfum þeirra sé mætt
- ✓ Að börnin reyni sig við daglegar athafnir og hafi tíma og tækifæri til að hjálpa sér sjálf
- ✓ Að börnin verði sem mest sjálfbjarga við daglegar athafnir
- ✓ Að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu og góðu leikrými, inni og úti, sem eflir bæði fín-og grófhreyfingar
- ✓ Að börnin fari í útivist, geti hreyft sig frjálst, hlaupið, hjólað, klifrað, rólað o.fl. og fái súrefni í lungun
- ✓ Að farið sé í leiki sem og eða hreyfistundir sem reynir á líkamsbeitingu
- ✓ Að börnin hafi tækifæri til að nota mataráhöld, smyrji sjálf og helli í glas og hafi tíma til að njóta matarins og matartíminn sé notaleg stund
- ✓ Að börnin fái tækifæri til að hjálpa sér sjálf, t.d. að þvo hendur og klæða sig og verða sjálfbjarga á salerni
- ✓ Að börnunum sé boðið upp á hollan mat og rætt um matinn og hollustu hans
- ✓ Að börnin taki þátt í slökun og endurnæri líkamann m.a. með vináttuverkefninu.
- ✓ Upplifi gleði og vellíðan með vinum sínum m.a. með því að tileinka sér venjurnar 7.
- ✓ Að rætt sé gildi hreinlætis og líkamsumhirðu

SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI:

Áhersla á:

- ✓ Að börnin búi við umhverfi sem stuðli að námi og vellíðan m.a. með leiðtogaverkefninu og vináttuverkefninu.
- ✓ Að börnin hafi aðgang að efnivið sem hvetur til og eykur skilning á stærðum, formum, litum og fjölda
- ✓ Að unnið sé með form og afstæðuhugtök, fjölda og talningu
- ✓ Að fjölbreyttir kubbar séu notaðir
- ✓ Að börnin leiki sér með stærðfræðileg hugtök og fari í stærðfræðileiki
- ✓ Að börnin læri að ganga vel um gróður og mannvirki

- ✓ Að lesnar séu sögur um umhverfið, dýr og plöntur
- ✓ Að börnin læri um endurvinnslu
- ✓ Að farið sé í vettvangsferðir þar sem börnin fái tækifæri á að leika sér í mismunandi landslagi við mismunandi aðstæður og kynnist sínu nærumhverfi
- ✓ Að börnin upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskri veðráttu og farið sé út í flestum veðrum
- ✓ Að rætt sé um árstíðir, mánuði, daga og klukkuna og það haft sjónrænt uppi á vegg.
- ✓ Að kennarar spyrji opinna spurninga og reyni að kveikja forvitni barnanna og aðstoða þau við lausnaleit m.a. með leiðtogaverkefninu.

SKÖPUN OG MENNING:

Áhersla á:

- ✓ Að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu leikefni sem ýtir undir forvitni og sköpun og hvetji til nýrra áskorana
- ✓ Að börnin fái tækifæri til að tjá sig í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu
- ✓ Að börnin vandi verk sín og gangi frá eftir sig
- ✓ Að börnin vinni í hóp að sameiginlegu markmiði
- ✓ Að börnin hlusti á fjölbreytta tónlist og kynnist hljóðfærum og hljóðgjöfum
- ✓ Að börnin taki þátt í sameiginlegum athöfnum og hefðum innan leikskólans, t.d. söngstundum, leiðtogadegi, degi leikskólans, þorablóti o.fl. þess háttar
- ✓ Að skapa úr efnivið náttúrunnar
- ✓ Að kynnast matarhefðum gömlum og nýjum og nota borðsiði og sýna tillitssemi og sam hjálp
- ✓ Að börnin hjálpi til við að leggja á borð og ganga frá
- ✓ Að ræða um sig sjálf, heimili, afmælisdaga og aðrar almennar upplýsingar um fjölskylduna
- ✓ Að fjallað sé um fjölbreytileikann, mismunandi menningu og allir mega vera eins og þeir eru m.a. með leiðtogaverkefninu.
- ✓ Að fara í heimsókn í grunnskólann

Færniviðmið 4 ára

Við fjögurra ára aldur eru flest börn búin að tileinka sér þessa getu:

Málþroski

- ✓ framkvæma þrjú tengd fyrirmæli
- ✓ skilja flóknari setningar og geta útskýrt merkingu orða
- ✓ bera rétt fram /k/ /g/
- ✓ nota /s/ /f/ /v/ fremst í orðum
- ✓ bera fram öll atkvæði í þriggja atkvæða orðum
- ✓ mynda allt að fjögurra orða setningu með rétttri orðaröð
- ✓ nota málið í eðlilegu samhengi við það sem er að gerast
- ✓ halda uppi samræðum í dálitla stund eða í um 3-5 mínútur
- ✓ tjá óskir sínar, tilfinningar og þarfir með orðum
- ✓ útskýra framkvæmd einfaldra hluta
- ✓ segja sögu án þess að styðjast við myndir
- ✓ nota spurnarorðin hvar, hver, hvað og geta svarað hvers vegna spurningum
- ✓ flokka hluti eftir yfirhugtökum eins og föt, dýr, leikföng, matur
- ✓ skilja setningar sem innihalda forsetningar og nota forsetningar eins og í, á, undir, fyrir, aftan/bak við, uppi
- ✓ nota og skilja flóknar setningar sem innihalda skulu/munu
- ✓ tengja saman setningar með og/en
- ✓ bullríma
- ✓ greina mun á líkum orðum með hjálp mynda
- ✓ átta sig á að sum orð eru bullorð
- ✓ átta sig á að orð breytast í fleirtölu
- ✓ greina mun á nútíð og þátíð
- ✓ skrifa nokkra hástafi

Vitsmunaproski

- ✓ telja upp á 20
- ✓ segja hvað foreldrar sínir heita
- ✓ vita hvar þau eiga heima
- ✓ vita hvenær þau eiga afmæli
- ✓ þekkja og geta flokkað fjögur litahæiti
- ✓ muna rímleiki og söngva sem farið er í – hafa færnina hlusta-muna- endurtaka

Grófhreyfiproski

- ✓ standa á öðrum fæti í 4-8 sekúndur
- ✓ hlaupa og skipta um stefnu á hlaupum
- ✓ hoppa jafnfætis áfram, afturábak og yfir snúru
- ✓ grípa bolta
- ✓ dripla bolta

Fínhreyfingar

- ✓ nota fjögra fingra grip um skriffæri
- ✓ teikna þríhyrning, kross, hring, ferhyrning, tígul og vaff
- ✓ teikna manneskjuskema
- ✓ teikna einfaldar og skiljanlegar myndir
- ✓ klippa út og líma
- ✓ púsla 7-12 stykkja púsluspil

Félagsþroski

- ✓ leika ímyndunarleiki
- ✓ halda sig við sjálfvalið verkefni í 20 mínútur
- ✓ leika við 2-3 börn í 20 mínútur
- ✓ fylgja reglum í leik sem kennari stýrir
- ✓ taka því að önnur börn sýni því áhuga sem það sjálft er upptekið af
- ✓ fylgja leiðbeiningum með því að herma eftir öðrum
- ✓ bíða eftir að röðin komi að því án þess að missa athyglina
- ✓ sitja kyrr á sínum stað sé ætlast til þess
- ✓ hafa stjórn á reiði og vonbrigðum sínum

Sjálfs hjálp

- ✓ klæða sig að öllu leyti en á þó erfitt með festingar (reimar, hnappa)
- ✓ hengja upp fötin sín
- ✓ þræða reimar í skó og hnýtt
- ✓ fara á klósett
- ✓ nota hnífapör

Færniviðmið 5 ára

Við fimm ára aldur eru flest börn búin að tileinka sér þessa getu:

Málþroski

- ✓ skilja margbætt fyrirmæli
- ✓ bera rétt fram /s/, /r/ og samhljóðaklasa í orðum
- ✓ nota 8 orða setningar
- ✓ útskýra orð yfir algenga hluti
- ✓ útskýra atburðarás og hafa ákveðið samhengi í frásögn
- ✓ segja sögu, með upphafi, miðju og endi
- ✓ nota hvernig og af hverju/hvers vegna spurningar
- ✓ nota algeng yfirheiti í daglegu tali
- ✓ nota orð yfir form, stærð og fjölda
- ✓ búa yfir góðri hljóðkerfisvitund
- ✓ hafa tók á rími
- ✓ aðgreina fyrsta hljóð í orðum
- ✓ skrifa nafnið sitt
- ✓ þekkja algeng hugtök sem tengjast ritmálinu eins og t.d. stafur, lína, setning, orðabil, punktur og blaðsíða

Vitsmunapróska

- ✓ telja 20 hluti
- ✓ telja upp í 100
- ✓ raða tölustöfum 1-10 í rétta röð
- ✓ þekkja vikudagana
- ✓ nota tímahugtökin í gær og á morgun
- ✓ þekkja andstæður
- ✓ vita heimilisfang, afmælisdag, fullt nafn á foreldrum og systkinum sínum
- ✓ fara með stuttar vísur/gátur

Grófhreyfiproski

- ✓ drippla bolta
- ✓ grípa bolta með annarri hendi
- ✓ valhoppa
- ✓ standa á öðrum fæti með lokuð augun
- ✓ hjóla

Fínhreyfingar

- ✓ nota þriggja fingra grip um skriffæri
- ✓ teikna kross, hring, ferning, þríhyrning, tígul og vaff
- ✓ lita innan lína
- ✓ teikna flókna mynd eftir fyrirmynd
- ✓ skrifa hástafina í nafninu sínu
- ✓ klippa út flókna myndir eftir línu
- ✓ byggja flókna byggingu úr kubbum

Félagsþroski

- ✓ taka þátt í samleik/verkefni í 20-30 mínútur
- ✓ virða rétt annarra og farið eftir reglum
- ✓ bíða eftir að röðin komi að sér
- ✓ vita að orð og athafnir hafa áhrif
- ✓ nota tungumálið til að leysa ágreining
- ✓ hafa stjórn á skapi sínu og meitt ekki aðra
- ✓ nota venjurnar sjö
- ✓ skilja markmið áhrifahringsins

Sjálfs hjálpi

- ✓ klæða sig í öll útifötin,
- ✓ setja skálmur utan yfir stígvél
- ✓ leggja á borðið fyrir máltíðir
- ✓ borða með hníf og gaffli
- ✓ smyrja brauðið sitt sjálft
- ✓ hella sjálft mjólk og vatn í glasið sitt
- ✓ skammta sér sjálft mátulega á diskinn í matartímum
- ✓ aðstoða sig með klósettferðir

LUBBANÁMSKRÁ

Aldursmiðuð nálgun 4-5 ára

Það sem á við um yngri börn á líka við um þennan aldur, Lubbi tengdur við leik. Bætt aðeins í. Skipulagðar Lubbastundir þar sem fléttast saman hljóð/tákn, hlustunarskilningur og hljóðkerfisvitund.

Áherslur í Lubbastund:

- ♦ Lesa söguna
- ♦ Syngja
- ♦ Tákna
- ♦ Ríma
- ♦ Klappa samstöfur
- ♦ Hlustunarskilningur /spyrja spurninga
- ♦ Para saman orð og hluti
- ♦ Unnið er að málahljóði vikunnar í hádegisstundum á fjölbreyttan hátt í gegnum leik, hreyfingu og fínhreyfiverkefni.

Aldursmiðuð nálgun 5-6 ára

Þessi aldurshópur er ekki í sérstakri Lubbastund en hefur aðgang af ýmsu Lubbatengdu efni inn á leiksvæðum og tenging er við máhljóð vikunnar í samverustundum.

Í samverustundum er lögð áhersla á að:

- ◆ Lesa sögur sem tengjast máhljóði vikunnar.
- ◆ Nefna orð sem geymir máhljóð vikunnar í sér.
- ◆ Finna hvar í orðinu hljóðið er, fremst, aftast eða inni í orði
 - ◆ Syngja
 - ◆ Tákna
 - ◆ Ríma
 - ◆ Klappa samstöfur
 - ◆ Para saman orð og hluti.
- ◆ Hlusta vel og velta fyrir okkur nýjum orðum og svara spurningum úr texta sem lesinn hefur verið og velta vöngum yfir framgangi sögunnar.

Áherslan er á ýmis hljóðkerfisverkefni sem smá þyngjast frá því sem unnið hefur verið áður í Lubbastundum.